

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana í Ólafsfirði.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Ólafsfirði. Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn þar um að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Afgreiðslutími smásöluverslana í Ólafsfirði skal vera frjáls, sbr. þó 3. og 4. gr.

3. gr.

Óheimilt er að hafa sölustaði opna á tímabilinu 23.30 til 07.00 nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar að fenginni umsögn lögreglustjóra, enda sé um að ræða sölutum eða sambærilega starfsemi.

4. gr.

Heimilt er að hafa sölustaði opna á helgidögum, enda brjóti afgreiðslutími að öðru leyti ekki í bága við lög, með þeim undantekningum sem hér greinir: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 12.00.

5. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar.

6. gr.

Í kvikmyndahúsi, félagsheimili, á íþróttavelli, útiskemmtunum og slíkum stöðum skal heimilt að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða fólk sem komið er í verslun eða sölustað þegar lokað er.

8. gr.

Bæjarstjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu rennur til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

9. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. er bæjarstjórn heimilt að láta greiða gjald í bæjarsjóð.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði sem bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarstjórn svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um afgreiðslutíma sölustaða í Ólafsfirði nr. 276/1986.

Félagsmálaráðuneytið, 28. júní 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.

1. gr.

Hættumat.

Meta skal hættu af snjóflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku.

Hættumatið skal ná til byggðra svæða og svæða sem skipulögð eru eða skipuleggja á fyrir byggð, mannvirki eða umferð og útivist fólks á vetrartíma.

Niðurstöður hættumats skal afmarka á kort í mælikvarða 1:5000 og aðalskipulagsuppdrátt viðkomandi byggðar. Hættumatinu skal fylgja greinargerð þar sem fram komi:

1. Reikningslegar forsendur og önnur þau gögn sem matið byggist á.
2. Þær sögulegu forsendur sem framangreindir útreikningar byggjast á.

Endurprentað blað.